

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

185. fundur Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **2. september 2010 kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá :

1. Erindi Bjarna V. Jakobssonar.
2. Erindi Elísabetar Jónsdóttur.
3. Erindi Marteins Óla Reimarssonar.
4. Erindi frá Guðmundi Sigurðssyni f.h. Hestamannafélagsins Þyts.
5. Erindi Reimars Marteinsonar f.h. Kaupfélags Vestur Húnavetninga.

Tekið á dagskrá:

6. Erindi Birgis Jónssonar.
7. Erindi Garðars Hannessonar.
8. Erindi Gísla Jóns Magnússonar.

Afgreiðslur:

1. Bjarni V. Jakobsson, kt. 300658-5399, sækir um leyfi til að endurnýja klæðningu, einangra útveggi og skipta um glugga í íbúðarhúsi sínu Miðtúni Lnr.144427 á Hvammstanga. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið. Ráðið bendir á að gluggar í svefnherbergjum skuli standast kröfur um björgunarop.
2. Elísabet Jónsdóttir kt.251055-2039 sækir um leyfi til að byggja geymsluhús á sumarhúsalóð sinni nr. 42 í landi Hvals í Vesturhópi Lnr.193297 skv. teikningu nr. 100 dags. ágúst 2010. Teikning er unnin af Stefáni Árnasyni byggingafræðingi kt 020346-4269. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið.
3. Marteinn Óli Reimarsson kt. 281252-7399 sækir um leyfi til að stækka akstursdyr á bílskúr sínum að Mánagötu 8 Lnr. 144360 á Hvammstanga sbr. meðfylgjandi gögnum. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið.
4. Guðmundur Sigurðsson sækir f.h. Hestamannafélagsins Þyts kt. 550180-0499 um heimild til að leggja reiðveg frá Vatnsnesvegi við Vatnshól að Víðidalssvegi að Víðidalstungu. Að undanförmu hefur Vegagerðin unnið að endurgerð þjóðveggar á þessu svæði þar sem vegsvæði hefur breikkað og rými skapast fyrir reiðveg samsíða vegsvæði, einnig hafa verið sett veggöng fyrir búfenað skammt austan Reiðarlækjar. Hestamannafélagið Þyts óskar eftir því við skipulagsnefnd að fá heimild til að lega reiðveggar breytist og að reiðvegur verði sunnan þjóðveggar austan vegganga sem sett hafa verið. Reiðvegur á þessum kafla skal skv. aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 lagður norðan hringveggar. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir lagningu reiðveggar frá Vatnsnesvegi við Vatnshól að veggöngum austan Reiðarlækjar með fyrirvara um samþykki landeigenda. Varðandi framhald reiðveggar sunnan hringveggar bendir ráðið á að nauðsynlegt er að gera breytingu á aðalskipulagi áður en leyfi til reiðvegagerðar á þeim kafla verður samþykkt.

5. Reimar Marteinnsson f.h. Kaupfélags Vestur Húnavetninga kt 680169-1879 sækir um leyfi
 - a. Til að klæða stafna á gamla frystihúsi KVH. sbr. m.f. gögn. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið.
 - b. Til að girða timburport KVH með 1,2-1,8 metra hárrí timburgirðingu með 6 metra breiðu aksturshliði sbr. meðfylgjandi mynd. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið.

Tekið á dagskrá:

6. Birgir Jónsson, kt. 110853-4919, sækir um leyfi til að byggja skjólvegg við húseignina Melaveg 4 Lnr. 144364 á Hvammstanga skv. meðfylgjandi gögnum. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar að Hlíðarvegi 11.
7. Garðar Hannesson, kt. 140122-3279, sækir um leyfi til að setja nýtt þak á bílskúr sinn að Ásbraut 2 Lnr. 144190 á Hvammstanga. Skv. teikn A01 dags. 31/8 2010 frá Hauki Árnasyni byggingatæknifræðingi. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið.
8. Gísli Jón Magnússon f.h. Báru Guðmundsdóttur kt.160937-3439 sækir um leyfi til endurbóta, m.a. að skipta um glugga og hurðir, einangra og klæða að utan íbúðarhúsið að Stað Fnr. 213- 2857 í Hrutafirði skv. mf. teikningu nr 1 og 2 dags.11/8 2010 frá ABS teiknistofu. Ráðið samþykkir erindið.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.18:55

Örn Óli Andrésson(sign.),
Halldór Sigfússon(sign.),
Erla B Kristinsdóttir(sign.),
Unnsteinn Ó Andrésson(sign.),
Anna María Elíasdóttir(sign.),
Benjamín Kristinsson(sign.),
Pétur Arnarsson(sign.),
Ólafur H. Stefánsson(sign.),